



22. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 1. júlí 2021 með fjarfundarbúnaði.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GþG), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Gissur Jónsson (GJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AÍÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Ragnheiður Högnadóttir (RH), Lárus B. Lárusson (LBL), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK) og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ.

- Fundur settur kl. 17:30
- Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
AÍÞ gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum og upplýsti um samkomulag um starfslok forstöðumanns ungmennabúða UMFÍ. Stjórn UMFÍ þakkar forstöðumanni búðanna fyrir góð störf í þágu hreyfingarinnar og búðanna til margra ára og óskar henni farsældar á nýjum vettvangi.
- Fundargerðir og erindi frá nefndum lagðar fram til kynningar.
 - 18., 19. og 20. fundargerðir framkvæmdanefndar ULM 2021.
 - 36. fundargerð framkvæmdastjórnar.
- Samstarfssamningur um smíði, rekstur og þjónustu við skilagátt starfsskýrslna ÍSÍ/UMFÍ og skilagrunn.
 - GþG fór yfir og útskýrði fyrirleggjandi samstarfssamning milli UMFÍ og ÍSÍ annars vegar og Abler ehf. hins vegar.
 - Rætt um hvort kostnaður falli á félögin við starfsskýrsluskil og hvort væru tengsl við innheimtu æfingagjalda og vanskila. Öllum aðildarfélögum ÍSÍ og UMFÍ ásamt sérsamböndum og íþróttahéruðum er tryggður afnotaréttur að starfsskýrsluskilagáttinni á samningstímanum án greiðslu óháð því hvort þau nýti sér aðra þjónustu Sportabler.
 - Einnig var rætt um hvort samningurinn falli undir samkeppnislög. Stjórn telur að ákvæði samkeppnislaga hamli ekki gerð samningsins enda kemur fram að Abler skuli tryggja aðgengi annara að starfsskýrsluskilum og aðildarfélögum er frjálst að semja um aðra þjónustu sem Abler býður uppá.
 - Stjórn samþykkti samninginn samhljóða. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningnum og lagfæra málfar og texta.

SÓJ og AÍÞ rituðu fundargerð.
Fundi slitið kl. 18:47